

Þriðjudaginn 15. desember 1970.

Nr. 111/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Sigurpáli Ólafssyni Jónssyni

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramír Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason og prófessorarnir Ármann Snævarr og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhalds-próf í máli þessu, vitnin Sumarliði Kristjánsson og Einar Ragnar Sumarliðason komið af nýju fyrir dóm og einnig ákærði. Þá hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal ljósrit af mæliblöðum (uppdráttum) frá skrifstofu borgarverkfræðings af gatna- og húsaskipun við mót Laugalækjar og Hrisateigs og næsta nágrenni.

Vitnin Sumarliði Kristjánsson og Einar Ragnar Sumarliðason skýra nánar svo frá, að þau hafi óskerta sjón, en vitnið Sumarliði kveðst þó nota gleraugu við lestur. Bera vitni þessi, að ekkert hafi hindrað útsýni þeirra úr stofuglugganum yfir Laugalæk að bifreið ákærða. Þó segir vitnið Einar Ragnar, að svonefndur „stores“, þunnur og gegnsær, hafi verið fyrir glugganum, en það muni ekki örugglega, hvort það færði hann frá glugganum.

Vitni þessi merktu inn á ljósrit af greindum mæliblöðum, hvar bifreið ákærða og hann voru, er þau sáu fyrst til hans. Samkvæmt mælingum hafa þá verið um 22 m frá glugganum að bifreið ákærða og um 15 m á milli hans og bifreiðarinnar, er vitnið Sumarliði kom auga á hann, en um 23 m frá stofuglugganum að bifreiðinni og um 30 m á milli ákærða og hennar, þegar vitnið Einar Ragnar sá hann fyrst.

Eins og nánar er rakið í héraðsdómi, var ákærða tekið blóð, og reyndist áfengismagn í því 1.6‰.

Þegar virt eru sakargögn og allar aðstæður, þykir verða við það að miða, að ákærði hafi við aksturinn verið með áhrifum áfengis í þeim mæli, að við lagaboð varði. Ekki er unnt að leggja niðurstöðu blóðrannsóknar um vínandamagn í blóði ákærða eina sér til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum hans í máli þessu, enda óvíst, hvort eða hve mikils áfengis hann kann að hafa neytt, eftir að akstri hans lauk og þar til hann var handtekinn. Þykir bera að heimfæra brot ákærða til 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 2. mgr. 25. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en eins og fram kemur af saka-vottorði ákærða, var hann með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 23. september 1965, dæmdur til refsingar fyrir ölvunarakstur o. fl.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar bæði í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, laun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurpáll Ólafsson Jónsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda síns í héraði, Jóhanns Nielssonar héraðsdómslögmanns, kr. 8.000.00, saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og

laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. apríl 1970.

Ár 1970, mánudaginn 14. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 182/1970: Ákærvaldið gegn Sigurpáli Ólafssyni Jónssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 26. nóvember 1969, höfðað á hendur Sigurpáli Ólafssyni Jónssyni verzlunarmanni, Rauðalæk 8, Reykjavík, fæddum 4. janúar 1917 í Reykjavík, fyrir að aka laugardagsmorguninn 6. september 1969 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 905 frá heimili sínu í Reykjavík sem leið liggur á Bergstaðastræti og síðan sömu leið til baka að heimili sínu, þar sem akstri lauk.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Laugardaginn 6. september 1969 var lögreglumaðurinn Bertram Henry Möller í umferðareftirliti á einu af bifhjólum lögreglunnar hér í borg. Kl. 1125 þann dag barst lögreglumanninum tilkynning frá lögreglustöðinni í Pósthússtræti í talstöð bifhjólsins þess efnis, að bifreiðinni R 905 hefði þá litlu fyrr verið ekið um Laugalæk og Rauðalæk hér í borg og væri ökumaður hennar talinn vera undir áhrifum áfengis. Lögreglumaðurinn fór þegar að svipast um eftir bifreiðinni R 905. Litlu síðar kom lögreglumaðurinn að nefndri bifreið við húsið nr. 8 við Rauðalæk hér í borg. Við athugun á bifreiðinni fann lögreglumaðurinn, að púst-rör hennar var volgt, og taldi því, að bifreiðinni hefði verið ekið nýlega. Lögreglumaðurinn fékk upplýsingar um eiganda bifreiðarinnar, og kom í ljós, að eigandinn var ákærði í máli þessu, Sigurpáll Ólafsson Jónsson, Rauðalæk 8. Lögreglumaðurinn kvaddi dyra hjá ákærða. Ákærði kom sjálfur til dyra og var að mati lögreglumannsins áberandi undir áhrifum áfengis. Úr

varð, að lögreglumaðurinn fylgdist með ákærða inn í íbúð ákærða og dvaldist þar nokkra hríð, þar eð lögreglumaðurinn fékk að hringja þar til að biðja um aðstoð við rannsókn málsins. Litlu síðar kom annar lögreglumaður til að aðstoða Bertram Henry Möller, og eftir nokkra töl á heimili ákærða fylgdist ákærði með þeim lögreglumönnum á lögreglustöðina, þar sem ákærði var leiddur fyrir varðstjóra til yfirheyrslu. Yfirheyrsla fyrir varðstjóra hófst kl. 1215 samdægurs. Yfirheyrslan reyndist gagnslítill vegna ölvunar ákærða. Kl. 1350 samdægurs var ákærða tekið blóð til alkóhólákvörðunar, og fundust í blóði hans reducerandi efni, er samsvara 1.60% af alkóhóli. Að loknum framangreindum aðgerðum var ákærði látinn hvílast hjá lögreglu, þar til hann var leiddur fyrir rannsóknarlögregluna kl. 1730 sama dag. Fyrir rannsóknarlögreglu þá skýrði ákærði svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni R 905 um kl. 1000—1100 sama dag frá heimili sínu að skrifstofu Stangaveiðifélags Reykjavíkur við Bergstaðastræti, en fyrir lögreglu hafði ákærði og skýrt svo frá, að hann hefði komið við á skóvinnustofu við horn Hrístateigs og Laugalækjar. Fyrir rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði hafa verið allsgáður við framangreindan akstur, en taldi, að hann hefði drukkið eitt glas af sherry annað hvort fyrir eða eftir aksturinn.

Við þingfestingu málsins skýrði ákærði frá málavöxtum á líkan hátt og fyrir rannsóknarlögreglu, þannig að ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreið sinni, R 905, laugardagsmorguninn 6. september 1969 frá heimili sínu sem leið liggur niður á Bergstaðastræti og þaðan heim aftur. Ákærði hefur haldið fast við það fyrir dómi að hafa verið allsgáður við framangreindan akstur. Ákærði hefur nánar skýrt svo frá fyrir dómi, að kvöldið fyrir atvik málsins og jafnvel fram yfir miðnætti hafi hann neytt áfengis. Eftir 6—8 klst. svefn hafi hann vaknað að morgni laugardagsins 6. september 1969 og þá hvorki fundið til áfengisáhrifa né þreytu eða sljóleika vegna undanfarandi áfengisneyzlu. Litlu síðar hafi hann ekið bifreið sinni sem rakið hefur verið. Ákærði hefur talið, að hann hafi verið kominn heim úr ökuferðinni um eða jafnvel fyrir kl. 1100 greindan morgun. Þá hefur ákærði skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi drukkið sem samsvarar 3 vatnsglösum af sherryi eða u. þ. b. hálfa flösku af því áfengi, áður en hann fylgdist síðar með lögreglumönnum til yfirheyrslu. Ákærði hefur talið, að áfengisneyzla hans, er nú hefur verið getið um, hafi farið fram, eftir að akstri lauk, bæði áður en lögreglu bar að garði hans og eftir að lögreglumenn voru komnir

á heimilið. Ákærði ætla, að um ½ klst. hafi liðið, frá því að hann lauk akstrinum greint sinn og þar til lögregla var komin á heimilið.

Lögreglumenn þeir, er stóðu að handtöku ákærða, hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið Bertram Henry Möller hefur skýrt frá atvikum mjög á sömu lund og rakið hefur verið hér í upphafi dómsins. Vitnið hefur nánar skýrt svo frá, að það telji, að 5—10 mínútur hafi liðið, frá því að það fékk tilkynninguna um akstur ákærða umrætt skipti og þar til það náði tali af ákærða á heimili hans. Vitnið taldi ákærða áberandi undir áhrifum áfengis, er það kom á heimili hans. Vitnið taffði nokkra stund á heimili ákærða, svo sem þegar hefur verið rakið, og hefur vitnið fullyrt, að ákærði hafi ekki á þeim tíma, er það dvaldist í húsa-kynnum hans, neytt áfengis. Vitnið kveðst sérstaklega hafa fylgt með ákærða þá.

Vitnið Þorsteinn Svanur Steingrímsson lögregluþjónn stóð og að handtöku ákærða. Vitnið kveðst hafa komið í íbúð ákærða laust fyrir hádegi umræddan laugardag. Vitnið taldi við komu þess ákærða áberandi ölvaðan. Vitnið taffði nokkra stund í íbúð ákærða, eða ca. 15 mínútur, til að fá ákærða til að fylgja þeim lögreglumönnum til frekari rannsóknar. Vitnið sá ákærða ekki hafa áfengi um hönd á þeim tíma, og hefur vitnið talið útilokað, að ákærði hafi haft tækifæri til að neyta áfengis, meðan það dvaldist þar.

Upplýst er í málinu, að tilkynningin um akstur bifreiðarinnar R 905 barst lögreglunni frá Laugalæk 17 hér í borg. Tveir heimilismenn af Laugalæk 17 hafa komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið Sumarliði Kristjánsson verkstjóri, 56 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að laust fyrir hádegi 6. september s.l. hafi það séð sér óþekktan mann ganga að bifreiðinni R 905, þar sem bifreiðin stóð við verzanir við Laugalæk 2, og aka bifreiðinni þaðan á brott. Vitnið kveðst hafa talið, að ökumaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis, þar eð hann hafi verið reikull í spori. Vitnið Einar Sumarliðason, einnig til heimilis að Laugalæk 17, 19 ára að aldri, hefur komið fyrir dóm sem vitni. Vitnið hefur skýrt svo frá, að nokkru fyrir hádegi 6. september 1969 hafi það séð út um stofuglugga á heimili sínu ákærða í máli þessu, er vitnið þekkir í sjón, ganga að bifreiðinni R 905, er stóð við verzanir á Laugalæk 2. Er ákærði hafði gengið að bifreiðinni, hafi það séð, að hann slagaði, og taldi því vitnið, að ákærði væri undir áhrifum áfengis. Er ákærði hafði ekið bifreiðinni R 905 af stað,

hafi það hringt á lögreglustöðina og tilkynnt um akstur ákærða.

Upplýst er í málinu, að ákærði kom í skóvinnustofu á mótum Hrístateigs og Laugalækjar greint sinn. Komið hefur fyrir dóminn sem vitni Haraldur Albertsson skósmiður, Bragagötu 23, 28 ára að aldri. Vitnið rekur skóvinnustofu á mótum Hrístateigs og Laugalækjar. Vitnið hefur skýrt svo frá, að einhvern tíma haustið 1969 hafi lögreglan komið í vinnustofu þess til að spyrjast fyrir um ölvaðan mann. Vitnið kveðst muna, að nokkru fyrir fyrirspurnir lögreglu hafi komið ölvaður viðskiptavinur inn í vinnustofuna. Vitnið hefur ekki getað sagt deili á hinum ölvaða viðskiptavini, og ekki þekkti vitnið ákærða sem umræddan viðskiptavin við sakbendingu undir rannsókn málsins.

Þá var og upplýst í málinu, að ákærði kom í skrifstofu Stangaveiðifélags Reykjavíkur við Bergstaðastræti. Komið hefur fyrir dóminn sem vitni Birgir Ásgeirsson, stud. theol., Sörlaskjólí 44 hér í borg, 24 ára að aldri. Vitnið var skrifstofumaður hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur, er atvik málsins urðu. Vitnið hefur talið nær fullvíst, að það hafi verið að störfum laugardagsmorguninn 6. september s.l. Vitnið þekkir ákærða í sjón og er málkunnugt honum vegna tíðra ferða ákærða á skrifstofu Stangaveiðifélagsins, en ákærði er félagsmaður í nefndu félagi. Vitnið hefur skýrt svo frá, að það muni ekki til þess, að ákærði hafi komið undir áhrifum áfengis í skrifstofur félagsins, en vitnið hefur talið, að það hefði orðið vart við slíkt, a. m. k. undir haustið 1969, er það var orðið vel málkunnugt ákærða.

Eiginkona ákærða og dóttir hans, 19 ára að aldri, hafa báðar komið fyrir dóm sem vitni. Framburðir mæðgnanna hafa verið mjög á sömu lund í máli þessu. Þær hafa skýrt svo frá, að kvöldið fyrir atvik málsins hafi verið samkvæmi á heimili ákærða. Þær hafi verið haft áfengi um hönd. Ákærði hafi neytt áfengis þá. Ákærði hafi gengið til hvílu ca. kl. 0200—0300 hinn 6. september s.l. Eftir að ákærði hafi verið sofnaður, hafi þær síðar um morguninn tekið til í íbúðinni. Þær hafi síðan farið að sofa undir morgun. Þær hafi vaknað, eftir að lögreglan var komin á heimilið. Þær áttu þá báðar tal við ákærða. Báðar sáu þá, að ákærði var undir greinilegum áfengisáhrifum. Eftir að ákærði var horfinn á braut með lögreglu, sáu þær báðar áfengisflösku í eldhúsi íbúðarinnar nær því tóma, undan Sherry áfengi, en báðar mæðgurnar hafa fullyrt, að sú flaska hafi ekki verið í eldhúsinu né annars staðar í íbúðinni, er þær tóku til um morguninn, sem fyrr er rakið.

Hefur nú verið rakið allt það helzta, sem fram kom í rannsókni málsins og máli hefur þótt skipta.

Augljóst er af gögnum málsins, að ákærði var undir allmiklum áfengisáhrifum við handtöku sína í umrætt skipti. Ákærði hefur sjálfur haldið mjög fast við það fyrir dómi, að undir þau áfengisáhrif hafi hann komið af áfengisneyzlu, er fram hafi farið, eftir að akstri hans lauk umræddan laugardagsmorgun. Svo sem mál þetta er vaxið, þykir framburður ákærða um áfengisneyzlu á heimili sínu fyrir komu lögreglu þangað eigi verða hrakinn, en samkvæmt atvikalýsingu mun ákærði hafa getað dvalizt þar einn í ca. 10—30 mínútur. Þá þykir óvarlegt að útiloka þann möguleika, að ákærði kunni að hafa neytt áfengis, eftir að lögregla kom á heimili hans, enda þótt framburðir lögreglumanna hnígi í aðra átt.

Enda þótt miklar líkur séu fyrir því, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis eða verulega miður sín, er hann ók bifreið sinni, R 905, frá Laugalæk 2 umræddan morgun, svo sem framburðir vitnanna Sumarliða Kristjánssonar og Einars Sumarliðasonar gefa til kynna, þykir óvarlegt að ákveða, að svo hafi verið, þegar metin er aðstaða vitnanna til að tjá sig um ástand ákærða þá.

Svo sem nú hefur verið rakið, þykir eigi nægilega sannað í refsímáli, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem rakin er í ákæru. Með niðurstöðu þessari er ákærði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu, og ber að leggja allan kostnað þess á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Níelssonar héraðsdómslögmanns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurpáll Ólafsson Jónsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður málsins skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Níelssonar héraðsdómslögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.